



Borgarráð

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að samningum um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar og samning um fyrirgreiðslu vegna samnings um viðskiptavakt. Reykjavíkurborg mun gera þessa samninga til eins árs við Arion banka, Íslandsbanka, Kviku banka og Landsbankann.

Greinargerð

Samningar um viðskiptavakt taka við af aðalmiðlarasamningum sem hafa verið gerðir til árs í senn. Undanfarin ár hafa fjórir aðilar annast þessa samninga: Arion banki, Íslandsbanki, Kvika banki og Landsbankinn og er nú stefnt að samningi um viðskiptavakt við sömu aðila.

Í aðalmiðlarasamningnum sáu aðalmiðlararnir fjórir bæði um viðskiptavakt og sölu skuldabréfa Reykjavíkurborgar í útboðum.

Í þessum samningi um viðskiptavakt er skilið á milli viðskiptavaktar og sölu skuldabréfa með það fyrir augum að setja meiri kraft í sölu skuldabréfanna og auka skilvirkni í söluférlínu. Samið verður síðar sérstaklega við fjármálafyrirtæki um að selja skuldbréf Reykjavíkurborgar í hverju útboði fyrir sig.

Samhliða þessum samning er gerður samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa eins og verið hefur.

Samningarnir eru nú með eftirfarandi breytingum:

- Þessir samningar um viðskiptavakt taka við af aðalmiðlarasamningum sem þýðir að samningsaðilar sjá eingöngu um viðskiptavakt með skuldbréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði en ekki um útboð skuldabréfa eins og verið hefur. Þau atriði sem fjalla um útboð skuldabréfa falla því úr samningnum.
- Samið verður sérstaklega, hverju sinni, við aðila til að selja skuldbréf Reykjavíkurborgar í útboðum.
- Samningstíminn er 1. apríl 2019 til 31. mars 2020.
- Heildarþóknun til viðskiptavaka á ársgrundvelli verður óbreytt frá fyrra ári en heildarþóknun þessa samnings er 42.000.000 kr.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri